

Nd. **508. Frumvarp til laga** [160. mál]

um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. mars.)

Samhljóða þskj. 231 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Frádráttur samkvæmt 10. gr. er bundinn því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé a. m. k. að fjárhæð 5 000 000 kr., fjöldi hluthafa sé a. m. k. 50, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

Hlutafélag, sem fullnægja vill skilyrðum þessa kafla, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau hlutafélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.